#### PJÓÐMINJASAFN ÍSLAN BÓKASAFN



### FRÉTTABRÉF SAFNMANNA

Ritstjóri og ábm. Brynhildur Ingvarsdóttir 5. árg. 2. tbl. 1996

### Fundarboð

Félag íslenskra safnmanna boðar til fræðslufundar þriðjudaginn 26. mars kl. 16.00 á Þjóðminjasafninu

#### Fundarefni

Nanna Hermansson Borgarminjavörður og forstöðumaður Borgarminjasafnsins í Stokkhólmi (Stockholms Stadsmuseum) og deildarstjórar hennar kynna starfsemi hinna mismunandi deilda safnsins og segja frá undirbúningi stórrar sögusýningar sem þeir eru að vinna að.

Hvernig verður svona sýning til, hvernig er samvinnu deilda háttað, út frá hverju er gengið í byrjun og hvaða þættir spila saman?

 $\infty \infty \infty$ 

Félagsmönnum gefst hér gott tækifæri til að spyrja um hvaðeina sem varðar uppsetningu stórsýningar sem þessarar og fræðast um starfsemi Borgarminjasafnsins.

## Nýju félagsskírteinin

Eins og mönnum er í fersku minni eru ný skírteini á döfinni í félaginu. Hafinn er undirbúningur að þessu fyrirtæki og stefnir stjórnin að því að koma skírteinum til félagsmanna fyrir sumarið, enda munu safnmenn í sumarfríi væntanlega vilja hafa passann í vasanum.

Skilyrðin fyrir því að félagsmenn fái skírteinin sín eru hins vegar tvö ...

... að þeir hafi greitt árgjaldið

... að þeir hafi sent inn tvær myndir ásamt upplýsingum

Myndir og persónuupplýsingar eru algjörlega nauðsynlegar, því að skírteinin verða ekki gefin út án þeirra. Um myndirnar hefur hins vegar ríkt einhver misskilningur því að stærðin hefur farið á milli mála, en eins og kom fram í síðasta fréttabréfi eiga myndirnar að vera af

MINNSTU passamyndagerð, ekki í venjulegri stærð (ca. 2,5 x 3,3 cm). Þessi stærð er meðal annars notuð á greiðslu- og bankakort.

Nauðsynlegt er að hafa myndirnar í réttri stærð því að annars komast þær ekki fyrir á skírteininu. Þeir sem þegar hafa sent inn myndir í rangri stærð munu því miður verða að fá þær endursendar af skiljanlegum ástæðum. Þá vil ég minna á skilafrestinn sem er ...

15. apríl

og senn líður að tíðum

# Endurmenntunarnámskeið norrænna safnfélaga

Í síðasta fréttabréfi var sagt frá námskeiði sem norrænu safnfélögin hafa skipulagt í sameiningu og ákveðið að halda nú í haust.

Námskeiðið verður haldið í Granavolden Hadeland Gjæstgiveri, skammt norðan við Osló, dagana 3.-6. október 1996. Þátttakendur verða um 40, þar af fá Íslendingar að senda tvo. Námskeiðið er einkum ætlað yngri safnstjórum og munu stjórnir félaganna í hverju landi velja þáttakendur.

Þátttaka Íslendinga í námskeiðinu er þó háð því að Félagi íslenskra safnmanna takist að afla þess fjár sem aðildarlöndum er gert að leggja fram til að standa straum af kostnaði námskeiðsins.

Á námskeiðinu verður megináhersla lögð á SURVIVAL, þ.e. hvernig söfnin lifa af í nútímasamfélagi, hvernig þau bregðast við breyttum aðstæðum og áherslum til dæmis varðandi fjármögnun.

Í því samhengi verður fjallað um:

- Markaðssetningu safna, það "að selja safnið sitt" og tala máli þess við almenning og yfirvöld.
- Stöðu safnsins og innri stjórn
- Hvernig stýra á safni í gegnum breytingar, og hvernig hægt er að breyta ímynd safna.
- Samskipti við fjölmiðla.

Námskeiðið verður einkum fólgið í fyrirlestrum og vinnufundum (workshops).

Fyrirlesarar verða úr ýmsum áttum, en hafa þó allir fengist við menningu og stjórnun menningarstofnana. Reynt verður að fá fólk sem býr yfir reynslu af því að breyta ímynd stofnunar og má nefna leikhússtjóra norska þjóðleikhússins, og safnstjóra Science museum í Manchester en vel þykir hafa tekist til með breytingar á þessum stofnunum.

Tveir vinnufundir eða "workshops" verða haldnir og taka allir þátt í þeim, þar sem markmiðið er að öðlast praktíska færni og læra aðferðir. Leiðbeinendur verða norskir og hafa reynslu í að kenna á þennan hátt. Eins og kunnugt er hlutu aðstandendur námskeiðsins styrk frá Norræna menningarsjóðnum, en hann má eingöngu nota sem ferðastyrk. Styrkurinn verður greiddur eftir á og því verða þátttakendur að leggja út fyrir fargjaldi. Ekki hefur verið ákveðið hvernig þeim peningum verður skipt á milli þátttakenda en væntanlega fá þeir mest sem bera mestan kostnað vegna ferða. Til viðbótar við ferðakostnaðinn er þátttökugjald, fæði og gisting áætlað um kr. NOK 4.000.-

Frekari upplýsingar verða sendar til félagsmanna þegar endanleg dagskrá liggur fyrir.

### Tíðindi af síðasta félagsfundi

Haldinn var almennur félagsfundur þann 5. febrúar síðastliðinn á kaffistofu Þjóðminjasafnsins og mættu þar rúmlega tuttugu félagar. Á dagskrá fundarins voru þrjú stórmál, samskipti félagsins við Norðurlönd, aðild stofnana að félaginu og farskólinn 1996. Fundarstjóri var Lilja Árnadóttir og frummælendur voru Hrafnhildur Schram og Guðný Gerður Gunnarsdóttir

Hrafnhildur, sem er fulltrúi Íslands í norrænu safnanefndinni (Nordisk museekomittee), sagði frá því starfi sem nefndin hefur unnið og hvað er á döfinni. Guðný Gerður sagði síðan frá samstarfi norrænu safnafélaganna, sem hún hefur tekið þátt í fyrir hönd Félags íslenskra safnmanna.

Í kjölfarið spunnust umræður um eðli og mikilvægi samstarfs norrænu safnafélaganna og hvern þátt Íslendingar skyldu eiga í því, sem lyktaði með eftirfarandi álvktun fundarins:

"Almennur félagsfundur í Félagi íslenskra safnmanna, haldinn í Þjóðminjasafni Íslands 5. febrúar 1996, skorar á stjórn félagsins að hún leggi áherslu á þátttöku þess í norrænu samstarfi svo sem verið hefur og lög félagsins kveða á um. Jafnframt að stjórnin leiti leiða til að svo megi verða."

Annað mál á dagskrá var aðild stofnana að Félagi íslenskra safnmanna. Sitt sýndist hverjum um það og ákvað fundurinn að fela stjórninni að skipa nefnd til að fjalla um málið.

Ŝtjórnin hefur nú skipað þriggja manna nefnd til að skoða hugsanlega aðild stofnana að Félagi íslenskra safnmanna. Nefndin mun kynna sér allar hliðar á hugsanlegri aðild, skoða önnur félög sem þannig eru byggð upp og meta kosti þessa og galla.

Nefndin mun skila rökstuddu áliti á aðalfundi félagsins fimmtudaginn 5. september 1996. Í nefndinni sitja

Halldóra Ásgeirsdóttir Hanna Rósa Sveinsdóttir Júlíana Gottskálksdóttir